

# ÖRYGGISÞJÓNUSTA

## & KERFI

**Kynningarblað** Eldvarnir, reykskynjarahönnun, öryggisþjónusta, foreldrarölt og góð ráð.

## Eigðu örugg jól

Fyrir jólin og áramótin skiptir miklu máli að huga að brunavörnum. Öryggismiðstöðin býður gott úrval af öryggisvörum eins og reykskynjurum, slökkvitækjum og eldvarnarteppum í vefverslun sinni, [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is).

Öryggismiðstöðin er framsækið þjónustufyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir bæði fyrirtæki og heimili. Fyrirtækið rekur eigin stjórnstöð til móttöku boða frá öryggiskerfum viðskiptavina og er hún starfrækt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Ómar Örn Jónsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs, segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á brunavarnir núna fyrir jól og áramót. „Við þjónustum bæði heimili og fyrirtæki varðandi brunavarnir þótt á ólíkan hátt sé. Í fyrirtækjum tengjast brunavarnir meira reglugerðum og þar aðstöðum við þau við að uppfylla þær kröfur sem eru til staðar. Síðan bjóðum við upp á allar lausnir fyrir heimili og ber þar fyrst að nefna reykskynjara sem er gífurlega nauðsynlegt öryggis-tæki fyrir heimilið. Við bjóðum bæði staka reykskynjara og reykskynjara sem eru tengdir við öryggiskerfi sem sendir þá brunaboð í stjórnstöð okkar. Nú fást einnig í vefverslun okkar sam-tengjanlegir reykskynjarar fyrir þá sem búa í stórum fasteignum.“

### Hafðu reykskynjarann í lagi!

Ómar bendir á að líftími reykskynjara sé almennt um tíu ár. Eftir því sem hann eldist minnkar hæfni hans til að greina reyk. „Svo þarf að muna að skipta um rafhlöður reglulega og prófa virkni skynjarans með því að þrýsta á prófunarhnapp. Við mælum með reykskynjara í öll herbergi enda eru raftæki

í flestum herbergjum í dag. Þessi tæki kosta ekki mikið en skipta aftur á móti öllu máli komi upp eldur.“

Ómar nefnir einnig slökkvitæki og eldvarnarteppi sem nauðsynlegan búnað inn á heimilum enda vilji enginn vera án reykskynjara eða slökkvitækis þegar kviknar í. „Við bjóðum upp á mikið úrval eldvarnarteppa og slökkvitækja. Þau eru einnig nauðsynleg inn á öll heimili en það skiptir líka máli að þeir sem þurfa að nota tækin viti hvar þau eru staðsett og kunni að nota þau. Það gerir lítið gagn að fela til dæmis eldvarnarteppi í skúffu. Að sama skapi verða slökkvitæki að vera staðsett þar sem auðvelt er að nálgast þau. Öryggistækin þurfa að vera aðgengileg.“

### Verslað á netinu

Allar þessar vörur fást bæði stakar og í hentugum tilboðspökkum í vefverslun Öryggismiðstöðvarinnar, [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is). „Öryggispakki fyrir heimilið er tilvalin jólagjöf, til dæmis fyrir þá sem eru að byrja að búa. Vefverslunin hefur verið starfrækt í nokkur ár og er bæði vel nýtt af fyrirtækjum og einstaklingum. Fyrir jólin leggjum við sérstaka áherslu á brunavarnir. Það er einfalt og þægilegt að skoða upplýsingar um allar vörur okkar og þjónustu og það tekur skamman tíma að klára kaupferlið. Þetta eru allt saman vandaðar vörur á góðu verði. Í vefversluninni er að sjálfsögðu boðið upp á heimsendingu á vörum.“



Fjárfesting í reykskynjara er ódýrasta líftryggingin að sögn Ómars Arnar Jónssonar, framkvæmdastjóra markaðssviðs Öryggismiðstöðvarinnar. MYND/GVA

## Eldvarnarpakkar í miklu úrvali fyrir heimili og fyrirtæki



### Eldvarnarpakki 1

Tilboðsverð í vefverslun

**14.668 kr.**

Listaverð 22.741 kr.



### Eldvarnarpakki 2

Tilboðsverð í vefverslun

**20.937 kr.**

Listaverð 32.460 kr.



### Eldvarnarpakki 3

Tilboðsverð í vefverslun

**13.398 kr.**

Listaverð 20.772 kr.



### Eldvarnarpakki 4

Tilboðsverð í vefverslun

**7.205 kr.**

Listaverð 11.171 kr.

Tilvalið í bílinn eða ferðavagninn



### Eldvarnarpakki 5

Tilboðsverð í vefverslun

**14.177 kr.**

Listaverð 21.980 kr.

Sími 570 2400 · [oryggi.is](http://oryggi.is)

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

**ÖRYGGIS**  
MIÐSTÖÐIN



# Foreldrar passa upp á hverfið

Foreldrar eru farnir að taka aukinn þátt í nágrennavörslu. Algengt er að foreldrar grunnskólabarna skipuleggi foreldrarölt um hverfið sitt með góðum árangri. Röltið styrkir líka samband foreldra og gerir hverfið öruggara.

**F**oreldrarölt er mjög virkt í flestum skólahverfum Kópavogs. Um er að ræða samstarf foreldra, lögreglu, forvarnafulltrúa og Íþrótt- og tómsundaráðs Kópavogs. Markmið foreldraröltisins er margþætt. Þau snúa að hefðbundnu forvarnarstarfi, gefa foreldrum tækifæri til að kynnast betur og hverfinu sínu og ekki síst þjónar það hlutverki nágrennavörslu. Marta Sigurjónsdóttir situr nú fjórða vetur sinn í stjórn SAMKÓP (Samtök foreldrafélaga í Kópavogi). Hún segir að með því að vera á ferli eftir útvistartíma barna á kvöldin sýni foreldrar að þeim sé ekki sama. „Foreldraröltið á sinn þátt í að brjóta upp það mynstur sem annars kæmist á ef enginn fullorðinn væri á ferli. Auk þess á nærvera foreldra líka þátt í að fæla frá ýmsa ólöglega starfssemi.“

## Skólar misduglegir

Fyrsta foreldraröltið í Kópavogi hófst árið 1994 þegar foreldrar barna í Hjallaskóla höfðu fengið nóg af látum og skemmdarverkum kringum verslunarmiðstöðina í Engihjalla. Fyrsta veturinn var fámennur hópur foreldra sem gekk um hverfið en næsta vetur bættust Digranesskóli, Snælandsskóli og Þinghólsskóli í hópinn. Á næstu árum bættust síðan fleiri skólar í



„Foreldraröltið snýr meira að nágrennagæslu,“ segir Marta Sigurjónsdóttir hjá SAMKÓP.

MYND/STEFAN

hópin að sögn Mörtu en foreldrar eru þó misduglegir milli skóla. „Skólarnir eru misduglegir hvað þetta varðar en yfirleitt þarf einhver að halda utan um röltið innan skólans. Ég á tvö börn í Hörðuvallaskóla og við röltum öll föstudagskvöld.“

Snælandsskóli er eini skólinn þar sem foreldrar röltu bæði á föstudags- og laugardagskvöldum. Auk þessara tveggja skóla eru það Álfholtsskóli, Kársnesskóli og Lindaskóli sem standa sig best í foreldraröltinu.“

Ferlið fer yfirleitt þannig fram að einn aðili í skólanum heldur utan um foreldraröltið en bekkir skólans skipta helgum á milli sín. Tölvupóstur er sendur á alla foreldra í bekknum sem á viðkomandi helgi og bekkjarfulltrúar taka

síðan við og hvetja foreldra áfram. „Hópurinn hittist kl. 22, þegar útvistartíma lýkur, og röltir ákveðna leið. Þá er stoppað við þá staði þar sem börn og unglingar gætu helst verið, til dæmis við skóla, undirgöng, íþróttahús og fleiri staði. Ef allt gengur vel tekur gangan 1-1,5 klukkutíma.“

## Öruggari hverfi

Mörtu finnst foreldraröltið mikilvægur vettvangur þrátt fyrir að margt hafi breyst frá því hún var ung. „Börn og unglingar héngu meira úti í sjoppu og niðri í bæ hér áður fyrr og hópamyndanir voru algengari. Í raun er hending að maður sjái barn úti eftir útvistartíma. Nú hefur þetta mikið breyst og foreldraröltið snýr meira að nágrennagæslu og að vera vettvangur fyrir fólkið í hverfinu til að kynnast. Þannig gerum við líka hverfið okkar betra og öruggara.“

Í Hörðuvallaskóla eru bekkir skólans í keppni um það hvaða foreldrar eru duglegastir að taka þátt. Í verðlaun er pitsuveisla fyrir þrjá duglegustu bekkina sem hefur leitt til þess að börn og foreldrar eru mjög áhugasamir um foreldraröltið. Stundum ganga jafnvel 15-20 foreldrar saman. „Að vinna pitsuveislu þýðir eitt bekkjarkvöld fyrir bekkinn og það munar nú um það.“



## BLEIKAR OG GRÆNAR FLUGUR Á VEGG

**Reykskynjarar** eru mörgum þynrir í augum en útlit þeirra stangast gjarnan á við stíl heimilisins. En hver segir að reykskynjarar þurfi endilega að vera ljótir og lummo? Finnsla hönnunarfrirtækið Jalo Helsinki fékk tvo hönnuði til liðs við sig, Harri Koskinen og Paola Suhonen, og leysti það vandamál í eitt skipti fyrir öll. Úr varð Lento, bráðsniðugur reykskynjari sem lítur út eins og fluga á vegg. Reykskynjarinn er framleiddur í fimm litum og hefur slegið í gegn. Meðal annars hlaut hann Red Dot Design Award árið 2011. Lento-reykskynjarinn fæst í verslunum hér á landi, meðal annars Suomi PRKL! Design á Laugavegi og í Pottum og prikum á Akureyri.



## NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR FRÁ SAMSTARFSADILUM BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

25% afsláttur í Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum.

Virkjaðu kreditkortíð þitt og annarra fjölskyldumeðlima á **MÍNAR SÍÐUR** á [WWW.STOD2.IS](http://WWW.STOD2.IS). Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

25%  
afsláttur

Skemmtigarðurinn  
SMÁRALIND



# Alltaf best þegar lítið er að gera

Það er gott að vita af vökulum augum og traustri stoð þegar eitthvað bjátar á í lífinu. Snarir snúningar starfsfólks á stjórnstöð Securitas tryggja tafarlausa hjálp á breiðum grunni, hvort sem það er við eldamennskuna heima, í sumarhúsinu eða hjá þeim sem komnir eru á efri ár og búa einir.

Sumum þykir heldur kaldranalegt að heyra mig kveðja strákana á bilaverkstæðinu með orðunum: „Ég vona að ég sjái ykkur ekki aftur á næstunni!“ en segja má að hugmyndafræði Securitas byggir á sömu varúðarráðstöfun. Það er að viðskiptavinum okkar líður eðlilega best þegar þeir þurfa ekki á Securitas að halda en eru rórir vitandi að við séum alltaf á vaktinni,“ segir Hjörtur Vigfússon, markaðsstjóri Securitas.

Hjörtur heldur áfram: „Vita-skuld er mikilvægast að veitt aðstoð sé með besta mögulega móti þegar hennar er þörf. Við reynum jafnt og þétt að auka þjónustuna og bætum við þáttum sem við sjáum að viðskiptavinir okkar kunna að meta,“ segir Hjörtur.

„Hér áður snerist starfsemi Securitas að mestu um forvarnir gegn innbrotum en í seinni tíð hafi ótal fleiri þættir farið að skipta máli.“

## Æ, ó, lambafille á pönnunni!

„Eldvarnir á heimilum verða sífellt mikilvægari,“ segir Hjörtur og útskýrir ástæðuna.

„Í dag er almenningur betur upplýstur um hættur í umgengni við eld á sama tíma og æ fleiri raf-tæki eru inni á heimilunum sem bilað geta og valdið eldsvoða.“

Hann segir gríðarlegt öryggi fólgið í tengingu við stjórnstöð Securitas þegar kemur að eldvörnum og rafmagni.

„Til eru mýrgar sögur af öryggisvörðum sem bjargað hafa matvælum frá eyðileggingu úr frystikistum og kælikápum þegar rafmagn hefur farið af þegar húsráðendur voru að heiman. Áhuga-maður um matseld á Seltjarnar-nesi er sagður málkunnugur



Hjörtur Freyr Vigfússon er markaðsstjóri Securitas. Hann segir þjónustu fyrirtækisins hafa vaxið og vikað út í áranna rás til að mæta mismunandi þörfum þjóðfélagsins. MYND/ANTON

starfsmönnum stjórnstöðvar eftir að tilraunir hans í eldhúsinu hafa ítrekað sett reykskynjara hússins í gang. Hann er þó mjög sáttur vegna þess að hann finnur og veit að við erum á vaktinni,“ segir Hjörtur af festu.

## Lægri tryggingar

Sum tryggingafélög bjóða sérstakan afslátt af tryggingum til viðskiptavina Securitas. Að sögn Hjartar er ástæðan einfaldlega sú að forvarnir virki.

„Auk reykskynjara, slökkvi-

tækja og öryggiskerfa Securitas má nefna vatnsskynjara og gas-skynjara sem dregið geta úr og jafnvel komið í veg fyrir tjón af völdum bilana og óhappa.“

Þjónustan gengur undir nafninu Heimavörn og er sérsniðin að óskum viðskiptavina.

„Sams konar lausn, en þó með önnur atriði í huga, heitir Sumarhúsavörn og nýtur æ meiri vinsælda enda sumarhús orðin sem annað heimili margra sem þar vilja njóta áhyggjuleysis og öryggis,“ segir Hjörtur.

## Öryggishnappur mikilvægt öryggistæki

Þessa dagana er langmest aukning í öryggishnökkum hjá Securitas.

„Það er vandfundin betri leið til að tryggja hugarró þeirra sem teknir eru að reskjast en að nota öryggishnapp, að ekki sé talað um aðstandendur þeirra,“ segir Hjörtur.

Öryggishnappur Securitas eykur öryggi þeirra sem hann bera og dregur úr áhyggjum umhyggjusamra aðstandenda.

„Stjórnstöð Securitas bregst snarlega við hverju því boði sem frá öryggishnappi berst,“ segir Hjörtur og ítrekar að allir sem orðnir séu 67 ára og eldri geti sótt um að fá niðurgreiddan öryggishnapp að uppfylltum vissum skilyrðum.

„Ég held að öryggishnappur gæti verið óskajólagjöfin fyrir ömmu og afa um þessi jól,“ segir Hjörtur og víst er að bæði skynsemi og umhyggja felst í því.

Securitas er í Skeifunni 8. Sjá nánar á [www.securitas.is](http://www.securitas.is).



HEIMAVÖRN



FIRMAVÖRN



SUMARHÚSAVÖRN

## OKKAR VAKT LÝKUR ALDREI

### MEIRA EN 30 ÁRA REYNSLA

- RÚMLEGA 400 STARFSMENN
- YFIR 100 ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTUBÍLAR
- Á VAKTINNI ALLAN SÓLARHRINGINN — 365 DAGA ÁRSINS
- RÚMLEGA 20.000 VIÐSKIPTAVINIR







## TÍU ÖRYGGISRÁÐ HEIMA

Slys gera ekki boð á undan sér og gott er að byrgja brunninn áður en barnið fellur ofan í hann. Hér gefast tíu góð og gild öryggisráð fyrir barnafjölskyldur:

1. Verið undirbúin fyrir bráðatilvik með því að kunna og kenna

heimilisfólkinu símanúmerið 112, hafa sjúkrakassa til taks og kunna helstu atriði í skyndihjálp.  
2. Gætið þess að börn séu aldrei í hættu nærri gældýrum.  
3. Gerið ráðstafanir við varhuga-verða glugga, stiga og hurðir.

4. Hafið reykskynjara á heimilinu.  
5. Hafið smáa hluti og mat utan seilingar.  
6. Hyljið innstungur og varnið börnum að leika nærri rafmagnssnúrum.  
7. Hafið rúm barna auð utan

sængurfata til að forðast köfnun.  
8. Geymið skotvopn aldrei annars staðar en í læstum öryggisskáp.  
9. Geymið hreinsi- og eitrefni þar sem börn ná ekki til.  
10. Skiljið börn aldrei ein eftir nálægt vatni.

# Fullkominn eftirlitsbúnaður

Vörn öryggiskerfi selur fullkomnar öryggismyndavélalausnir sem eru sérsniðnar að ólíkum þörfum hvers og eins. Fyrirtækið þjónustar íbúða- og sumarbústaðaeigendur og fjölda fyrirtækja sem hafa nýtt sér vörur þess með góðum árangri.

Vörn öryggiskerfi sérhæfir sig í sölu á öryggismyndavélalausnum fyrir fyrirtæki, heimili og sumarbústaði. Fyrirtækið kappkostar við að bjóða helstu tækninýjungar á því sviði á hagstæðu verði og heildarþakka sniðna að þörfum hvers og eins.

„Við erum lítið fyrirtæki sem hefur verið í stöðugum vexti frá stofnun árið 2007. Lítil yfirbygging og hagstæðir samningar hafa frá byrjun tryggt viðskiptavinum okkar hágæða vöru á sanngjörnu verði og hefur sú stefna borið góðan árangur þar sem nú eru yfir 500 fyrirtæki stór og smá í viðskiptum við Vörn.“

Þannig lýsir eigandinn og stofnandinn, Jón Hermannsson, stefnu Varnar. Að hans sögn má skipta starfseminni niður í þrjú svið eftir þörfum viðskiptavina, það er að segja heimili, sumarbústaði og fyrirtæki sem eru stærsti hópurinn.

### Fyrirtækjalausnir

„Við bjóðum fyrirtækjum upp á fjórar ólíkar gerðir heildarþakka sem byggja á fullkomnu myndavélakerfi. Allt er innifalið í þakkanum, þar á meðal myndavélar með innfrarauðum geisla, tölva, harður diskur og skjár sem er sérhannaður fyrir eftirlitsmyndavélar. Svo eru myndavélarnar búnar hreyfiskynjara sem geta sent boð ef hreyfingar verður vart á óæskilegum tíma, til dæmis utan opnunartíma, og geta þannig nýst sem öryggiskerfi. Helsti mismunurinn á milli þakka felst síðan í fjölda myndavéla þar sem velja má milli 4, 8, 16 og 32 véla. Vörn er afar stolt af frábæru starfsfólki sem sjá um uppsetningar og tækni vinnu.“

Jón segir þessa



Lítil yfirbygging og hagstæðir samningar hafa frá byrjun tryggt viðskiptavinum okkar hágæða vöru á sanngjörnu verði og hefur sú stefna borið góðan árangur þar sem nú eru yfir 500 fyrirtæki stór og smá í viðskiptum við Vörn,“ segir Jón Hermannsson hjá Vörn.

MYND/ANTON

heildarþakka hafa nýst fyrirtækjum vel gegnum tíðina. „Til að mynda stórum fyrirtækjum sem eru með dreifðan rekstur úti um allt land. Þá eru þau með myndavélar á hverjum stað og geta þannig fylgst með þeim öllum úr einni „móðurstöð“,“ bendir hann á.

Ýmis fylgibúnaður býðst og nefnir Jón snúningsvélar í því

samhengi. „Þær eru búnar stillanlegum ljósabúnaði, geta snúið hvert sem er og „súmað“ inn á hluti í mikilli fjarlægð,“ útskýrir hann og segir slíkar vélar hafa nýst vel í matvælaíðnaðinum. „Þar hafa þær verið notaðar til dæmis við gæðaeftirlit í fiskvinnslum. Þannig geta forsvarsmenn fyrirtækja komið auga á mistök í ferlinu.“

### Heimahús og sumarbústaðir

Jón segir Vörn bjóða svipaða þakka fyrir heimahús. „Þetta eru kerfi

sem eru einföld í uppsetningu þar sem velja má milli 4, 8 og 16 myndavéla. Vélar eru búnar hreyfiskynjara sem geta sent sms-skeyti eða tölvupóst til viðkomandi vegna óæskilegrar hreyfingar og sendir mms mynd af atburðinum en kerfið geymir upptökur í einn og hálfan mánuð,“ lýsir hann.

Vörn er líka með sérsniðna þakka fyrir sumarbústaði. „Þetta

er tveggja véla þakki og lítil tölva sem hægt er að tengjast heiman frá sér. Þær eru búnar hreyfiskynjara sem senda tölvupóst og sms-skeyti ef óæskileg hreyfing greinist í grennd við bústaðinn,“ segir Jón og hvetur sem flesta að kynna sér betur Vörn. Upplýsingar megi nálgast á heimasíðunni vorn.is. Þær séu líka veittar í síma 561 5600 og 896 4630.

